

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 7 239,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 605,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 186,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 479,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 102, 25. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald	5,32 kr/kWh.
1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð. Orkugjald	6,62 kr/kWh.
1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
Aflgjald	7 115,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 853,00 kr/kW/ár
Gjald alls	15 968,00 kr/kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.	

2. Heimili o. fl.

- 2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald 4,27 kr/kWh.
- 2.2. Til notkunar í sumarústöðum og sumarbúðum.
Orkugjald 2,41 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 1,56 kr/kWh.
Aflgjald 5 770,00 kr/kW á ári.

4. Hitun

- 4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 2,77 kr/kWh.
- 4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.
Orkugjald 1,06 kr/kWh.
- 4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 3,51 kr/kWh.
- 4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald 1,02 kr/kWh.
- 4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.
Orkugjald næturtaxti 9 stundir 1,16 kr/kWh.
Orkugjald dagtaxti 15 stundir 6,37 kr/kWh.

Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Fastagjald

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr./ári
Orkumælir, einfasa	1 878,00
Orkumælir, þrífasa	4 133,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	4 622,00
Orkumælir fyrir sumarhús	6 010,00
Aflmælir	4 413,00
Aflmælar með straumspennum	4 903,00
Tvígjaldsmælir	4 435,00
Klukkan	386,00

III Heimtaugargjald

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	27 312,00	888,00	7 283,00
3 × 63	29 588,00	893,00	12 579,00
3 × 100	46 958,00	1 366,00	15 932,00
3 × 200	92 806,00	2 252,00	
3 × 315	147 353,00	2 624,00	
3 × 400	188 070,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	334 214,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	561 815,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 7 381,00
3 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 9 955,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 563,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 436,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 105, 25. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 285

18. júní 1987

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

a. að Akureyrarkaupstaður og Öngulsstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils-, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu-, Arnarnes- og Grímseyjarhreppar í Eyjafjarðarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð, og

b. að Dalvíkurkaupstaður og Svarfaðardals-, Árskógs- og Hríseyjarhreppar í Eyjafjarðarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 286

11. júní 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 516 23. desember 1986 um þungaskatt.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skráning og/eða umskráning bifreiða skal ekki fara fram nema skráningargjald og váttryggingariðgjald ökumanns hafi áður verið greitt af bifreiðinni til næstu áramóta, svo og gjaldfallinn þungaskattur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. júní 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.